

Alþingi  
Erindi nr. P 137/592  
komudagur 10. 7. 2009

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. júlí 2009

**Efni: Ábendingar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál, lagt var fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi, 26. maí s.l.**

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, þá er markmið þess að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp koma í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags og tímaskorts. Í frumvarpinu er lagt til að frestir til riftunar ráðstafana þrotamanns á tímabilinu frá 6. október 2008 til 31. desember 2011, miðist við fjögur ár. Gerir slitastjórn Kaupþings banka hf. ekki efnislegar athugasemdir við þá tillögu, en vill benda á nauðsyn þess að lengja jafnframt málshöfðunarfresti í riftunarmálum á grundvelli sömu sjónarmiða.

Gjaldþrotaskiptalögin gera aðeins ráð fyrir sex mánaða fresti ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun, sem byrjar að meginreglu að líða við lok kröfulýsingarfrests, sbr. 148. gr. laganna. Þótt sá varnagli sé í gjaldþrotaskiptalögum að málshöfðunarfresturinn geti byrjað að líða síðar en við lok kröfulýsingarfrests, t.d. í þeim tilvikum þar sem skiptastjóri átti ekki kost að gera riftunarkröfuna fyrr, þá eru þau viðmið mjög óljós.



Fyrir liggur að bókhaldsrannsóknir gömlu bankanna hér á landi verða mjög umfangsmiklar og tímafrekar og þau mál sem rannsaka þarf eru mörg hver mjög flókin yfirferðar. Með hliðsjón af því og þeim sérstöku aðstæðum hér á landi, telur slitastjórn Kaupþings banka hf. augljóst að 6 mánaða lágmarks málshöfðunarfresturinn, sem gefinn er í 148 gr. gjaldþrotaskiptalaganna, er of stuttur.

Með hliðsjón af markmiði riftunarreglna um jafnræði kröfuhafa við úthlutun úr þrotabúi, telur slitastjórn Kaupþings banka hf. nauðsynlegt að málshöfðunarfrestur skv. lagagreininni verði lengdur í 12 mánuði, a.m.k. tímabundið, til að slitastjórnir bankanna geti betur lagt mat á það hvort ráðstafanir séu riftanlegar. Er viðbúið að fjöldi riftunarmála, er tengjast bankahruninu hér á landi, verði umtalsverður og því eðlilegt og sanngjarnt að lengja tímabil málshöfðunar, með hagsmuni kröfuhafa og almenns viðskiptalífs að leiðarljósi og til að jafna álag á dómsstóla landsins.

Ef farið yrði eftir þessum ábendingum, sem hér er óskað eftir, væru auknar líkur á að það næðist fram jafnræði meðal kröfuhafanna án þess að gengið væri gegn rétti þeirra aðila sem hagsmuni eiga að málinu, enda er ekki verið að raska þeim reglum sem um riftun gilda í gjaldþrotaskiptalögum og er því ekki íþyngjandi breyting á lögnum.

Ábending þessi er jafnframt send dómsmálaráðuneytinu þar sem slitastjórnin telur nauðsyn vera á þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til, hvort sem lagafrumvarp þetta verður samþykkt eður ei.

f.h. Slitastjórnar Kaupþings banka hf.

  
Ólafur Einarsson  


Afrit sent:  
Dómsmálaráðuneytið  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík.